

# Skurðaðgerð á vinstri hluta briss

Í skurðaðgerðinni er vinstri hluti brissins fjarlægður. Rétt er að gera ráð fyrir að vera frá vinnu í að minnsta kosti 2–6 mánuði, háð starfi og líðan.

## Næring


Búast má við breytingum á þyngd eftir aðgerð. Til að draga úr líkum á vannæringu er mikilvægt að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að borða næringarríkan mat, taka vítamín og drekka orkuríka næringardrykki.

## Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, fá heimahjúkrun og/eða heimilishjálp og aðstoð félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.



## Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.

### Viðtal

Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, skurðlækni, aðstoðarlækni og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3 - 4 klukkustundir og fyrir hana þarf að greiða komugjald.

### Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni ásamt hjartalínuriti og lungnamynd ef þörf er á.

### Öndunaræfingar

Öndunar- og fótaæfingar er mikilvægur þáttur í bataferlinu. Sjúkraþjálfari kennir æfingar fyrir og eftir aðgerðina.

### Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á blóðtappamyndun. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

### Fasta fyrir aðgerð

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

**Við innlögn á deild** er gott að hafa með sér snyrtivörur, innískó, slopp, þægileg fót og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

## Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu heima að morgni aðgerðardags og þrifa naflann með bómullarpinna áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fótum og gæta þarf þess ekki má nota krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripi eftir sturtuna.

**Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.**

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 2-5 klukkustundir. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni.

**Eftir aðgerð** tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er með líðan sjúklings í 6-8 klukkustundir en þá flyst hann á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja.

## Verkir

Verkjameðferð er í formi utanbastsdeyfingar sem lögð er fyrir aðgerð og notuð til verkjastillingar í aðgerðinni og fyrstu dagana eftir aðgerð. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir deyfingu er mikilvægt að láta vita. Markmið er að vera vel verkjastilltur og geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

## Öndun

Súrefni er gefið eftir þörfum. Öndunaræfingar eru nauðsynlegar til að minnka hættu á samfalli á lungnavef en það er algengasta ástæða hita fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að gera þær eftir leiðbeiningum sjúkrahjálfara. Sjúkrahjálfari kemur einu sinni til tvisvar á dag og aðstoðar við öndunaræfingar fyrst eftir aðgerð.

## Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru til að fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð.

## Drenslanga

Drenslanga liggur gegnum kviðvegg til að fylgjast með eðli sáravökva eftir aðgerð. Hún er höfð í nokkra daga samkvæmt mati læknis.

## Magasonda

Í aðgerðinni er yfirleitt sett magasonda sem liggur um nef og niður í maga. Hún tekur við magasafa, kemur í veg fyrir ofþenslu á maga og minnkar líkur á ógleði og uppköstum. Hún er höfð þar til magatæming er komin í eðlilegt horf.

## Næring

Tímabundin garnaLömun verður eftir aðgerð og er einstaklingsbundið hve fljótt hún gengur yfir. Fylgst er með garnaHljóðum og því hvenær loft og hægðir ganga niður. Gefin eru ógleðistillandi lyf ásamt vökva í æð ef með þarf. Byrja má að borða, samkvæmt fyrirmælum læknis, þegar magatæming kemst í eðlilegt horf. Farið er rólega af stað. Næringarráðgjafi hittir sjúkling á deild.

## Blóðsykur

Blóðsykur er mældur reglulega þar sem tímabundin röskun getur orðið á honum eftir aðgerð.

## Skurðsár

Fylgst er með skurðsári og skipt á umbúðum eftir þörfum. Skurðsári er lokað með málmheftum sem eru fjarlægð 10-14 dögum eftir aðgerð.

## Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á blóðtappamyndun. Fótaferð er leyfileg strax, en starfsfólk deildar aðstoðar við framúrferð þar til sjúklingur er sjálfbjarga. Mikilvægt er að gera fótaæfingar og breyta um stöðu í rúminu þess á milli.

## Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

## Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu hans um líðan þeirra. Einnig er hægt að kalla til aðra fagaðila til stuðnings.

## Útskrift

Útskrift er áætluð 10 - 14 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu.

### Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- lyfseðil fyrir verkjalyfjum og sýruhemjandi lyfjum
- endurkomutíma hjá sérfræðingi
- viðtal við næringarráðgjafa og skriflegt fræðsluefni
- hefti fjarlægð úr skurðsári

## Símanúmer:

Innskriftarmiðstöð 10E	543 2039
Dagdeild 13D, opin virka daga frá klukkan 7 til 19	543 7480
Vöknunardeild	543 7230
Skurðlækningadeild 13G	543 7360

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:	ÁBYRGÐARMENN:	HÖNNUN:
LANDSPÍTALI	YFIRLÆKNIR SKURÐLÆKNINGAÐEILDAR	SAMSKIPTAÐEILD
SKURÐLÆKNINGASVIÐ	OG DEILDARSTJÓRI 13G	
JÚLÍ 2016		
SKURÐ-757		